



HRUNAMANNAHREPPUR

5. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2026 – 2030

13. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2026, þann 20. ágúst kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins í Félagsheimili Hrunamanna, efri hæð.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Ragnar L. Jónsson, Daði Geir Samúelsson og Rakel Ósk Kristófersdóttir.

Auk þess sat fundinn, Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason, oddviti, setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. **Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 1. fundar frá 10. ágúst 2026**
Lögð fram fundargerð 1. fundar Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. **Umhverfisnefnd: Fundargerð 2. fundar frá 17. ágúst 2026.**
Lögð fram fundargerð 2. fundar Umhverfisnefndar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

3. **Fundargerð 330. fundar skipulagsnefndar frá 14. ágúst 2026.**
Lögð fram fundargerð 330. fundar skipulagsnefndar frá 14. ágúst 2026.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 17. Hverabakki 1 spilda i: Úr opnu svæði í íbúðabyggð; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram fyrirspurn er varðar Hverabakka 1 spildu i, L207699. Í fyrirspurninni felst að óskað er eftir heimild til að breyta aðalskipulagi Hrunamannahrepps og vinna deiliskipulag fyrir mögulega íbúðabyggð.

Skipulagsnefnd UTU vísar málinu til sveitarstjórnar Hrunamannahrepps.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að heimilað verði að breyta landnotkun þessa reits þar sem breytingin fellur vel að skipulagi aðliggjandi skipulagsreita.

4. **Afgreiðslur byggingarfulltrúa 26-257 frá 8. júlí 2026.**
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 8. júlí 2026.
5. **Afgreiðslur byggingarfulltrúa 26-258 frá 15. júlí 2026.**
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. júlí 2026.

Bv
3B
RLJ
Rk
Das

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

6. Listasafn Árnesinga bs.: Fundargerð stjórnar frá 5. ágúst 2026.

Lögð fram fundargerð stjórnar Listasafns Árnesinga bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. Farsældarráð Suðurlands: Fundargerð 3. fundar frá 27. maí 2026.

Lögð fram fundargerð 3. fundar Farsældarráðs Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

8. Bréf frá Innviðaráðuneytinu frá 6. júlí 2026.

Lagt fram bréf frá Innviðaráðuneytinu vegna vinnu við endurskoðun stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara erindinu í samráði við sveitarstjórn.

9. Umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi frá 12. ágúst 2026.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Sonus viðburða ehf., kt.450318-0350 um tækifærisleyfi til áfengisveitinga á Réttarballi Uppsveita 2026 í Reiðhöllinni á Flúðum, Lambatanga 1, F2313980, 845 Flúðum þann 12.9.2026 kl. 23:00 – 13.9.2026 kl.02:00.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að umrætt leyfi verði veitt.

10. Bréf frá Samtökum um dýravelferð frá 6. ágúst 2026.

Lagt fram bréf frá Samtökum um dýravelferð þar sem sveitarstjórn er hvött til að skoða þá leið sem Norðurþing hefur farið varðandi stefnu um loðdýrarækt í aðalskipulagi.

Lagt fram til kynningar.

11. Bréf frá Vegagerðinni frá 7. ágúst 2026.

Lagt fram bréf frá Vegagerðinni sem sent er út í kjölfar sveitarstjórnarkosninganna til að minna á mikilvægi samráðs í tengslum við endurskoðun aðalskipulags og aðra skipulagsvinnu sem og lagalegar skyldur þar að lútandi.

Lagt fram til kynningar.

12. Bréf frá Kjörnefnd Samtaka orkusveitarfélaga frá 18. ágúst 2026.

Lagt fram erindisbréf Kjörnefndar Samtaka orkusveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

13. Bréf frá Hjónaballsnefnd Hrunamannahrepps 2026 frá 17. ágúst 2026.

Lagt fram bréf frá Hjónaballsnefnd Hrunamanna 2026 þar sem boðinn er styrkur til sveitarfélagsins til kaupa á hringborðum.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og vísar því til gerðar fjárhagsáætlunar.

14. Fundarboð á aðalfund Samtaka orkusveitarfélaga ásamt fylgigögnum.

Lagt fram fundarboð á aðalfund Samtaka orkusveitarfélaga sem fram fer þann 21. ágúst n.k. Ásamt fylgigögnum.

Lagt fram til kynningar.

Das
RK
RLT
B

15. Endurskoðuð persónuverndarstefna Hrunamannahrepps.

Lögð er fram endurskoðuð persónuverndarstefna Hrunamannahrepps.

Sveitarstjórn samþykkir stefnuna og vísar henni til síðari umræðu.

16. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn venju samkvæmt eða þann 3. september n.k. kl. 14:00.

Fjárhagsleg málefni:

17. Tilboð í forrit fyrir áætlanagerð – Ásinn.

Lögð fram tilboðsgögn frá KPMG í áætlunarlausninna Ásinn sem er stafrænn stjórnumarvettvangur og styður við áætlanagerð sveitarfélaga.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta málinu og felur sveitarstjóra að ræða betur við KPMG um nánari útfærslu og verð.

18. Verðkönnun í gerð útboðsgagna vegna útboðs á úrgangspjónustu Hrunamannahrepps.

Lögð fram gögn vegna verðkönnunar í gerð útboðsgagna vegna útboðs á úrgangspjónustu Hrunamannahrepps.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að semja við Eflu ehf um gerð útboðsgagna og umsjón útboðs á úrgangspjónustu í Hrunamannahreppi.

19. Kauptilboð – Smiðjustígur 17a.

Fyrir fundinum liggur kauptilboð vegna sölu á Smiðjustíg 17a.

Sveitarstjórn samþykkir söluna á Smiðjustíg 17a og felur sveitarstjóra að ganga frá sölunni. Jafnframt samþykkir hún veðsetningu eignarinnar.

Mál til kynningar:

20. Vegagerðin: Fundargerð samráðsfundar frá 17. ágúst 2026.

Lagt fram til kynningar.

21. Samstarf Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga í málefnum innflytjenda og flóttafólks.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:30


Ragnar L. Jónsson
Dag. Geir Samúelsson
Barney Vignisdóttir
Rakel Ósk Kristofersdóttir
Múli Rafteinn